

Sþ.

336. Tillaga til þingsályktunar

[189. mál]

um virkjun Fljótaár í Skagafirði og tengingu Skeiðsfossvirkjunar við Skagafjarðarveitu.

Flm.: Eyjólfur K. Jónsson, Pálmi Jónsson, Pétur Pétursson,
Björn Pálsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera nú þegar af sinni hálfu ráðstafanir til, að hraðað verði eins og frekast er unnt framkvæmdum við virkjun Fljótaár í Skagafirði við Þverá. Jafnframt verði Skeiðsfossvirkjun á næsta sumri tengd Skagafjarðarveitu. Stefnt skal að því að ljúka virkjunarframkvæmdum um næstkomandi áramót.

Greinargerð.

Allt frá árinu 1969 hafa verið uppi um það hugmyndir að virkja Fljótaá neðan núverandi Skeiðsfossvirkjunar. Er þar um að ræða litla, en hagkvæma virkjun, 1,6 megavött, og framleiðslugeta er um 9 GWh á ári. Í samræmi við bréf iðnaðarráðuneytisins, dagsett 22. sept. 1971, var lokið við áætlunargerð um þessa virkjun og hún send ráðuneytinu með bréfi, dagsettu 6. des. 1971. Heildarkostnaður skv. þeirri áætlun bendir til þess, að virkjunarkostnaður muni nú vera um 100 millj. kr.

Skv. lögum nr. 98/1935 hefur bæjarstjórn Siglufjarðar heimild til virkjunar Fljótaár, og skv. 7. gr. orkulaga, nr. 58 frá 1967, þarf einungis ráðherraleyfi til að reisa og reka raforkuver 200—2000 kílóvött, og mundi samþykkt þingsályktunartillögu þessarar leggja þá skyldu á herðar ráðherra raforkumála að heimila Siglufjarðarkaupstað þessa framkvæmd, en ráðuneyti hans hefur engu svarað bréfum Rafmagnsveitu Siglufjarðar um þetta efni, allt frá því, er ráðuneytið ritaði bréf sitt 22. sept. 1971.

Tilboð í vélar og rafbúnað þessarar virkjunar liggja fyrir. Tilboðunum þarf að svara fyrir 28. febr. n. k., en þá ættu vélnarar að fást afgreiddar fyrir áramót. Skiptir því miklu, að þingsályktunartillaga þessi verði samþykkt fljótt.

Þrátt fyrir fyrirsjáanlegan raforkuskort á Norðurlandi vestra hefur orkumálaráðherra fram til þessa ekki veitt heimild fyrir virkjuninni í Fljótaá. Og engar horfur eru á, að hann veiti slíka heimild, nema skv. beinum fyrirmælum Alþingis.

Dísilorkuvinnsla mun á síðasta ári hafa verið á Norðurlandi vestra sem svarar 10 milljónum kílóvattstunda. Miðað við núverandi oliuverð, sem er kr. 8.80 á lítra, nemur þessi kostnaður 27 millj. kr. En þar að auki er auðvitað gæslukostnaður og margháttuð vinna við dísilorkuvinnsluna. Ef oliuverð hins vegar tvöfaldast, eins og nú er jafnvel spáð, er hér um að ræða hvorki meira né minna en 54 millj. kr., þ. e. a. s. rúmlega helming af virkjunarkostnaði Fljótaár. Ef virkjunin í Fljótaá hefði verið komin á síðasta ári og samtenging við Skagafjarðarveitu, hefði ekki þurft að grípa til dísilorkuvinnslu, a. m. k. ekki nema sem sáralitlu hefði numið. Er því ljóst, hve gífurlegur hagur er að því að ráðast í þessa framkvæmd.

Það er alkunna, að raforkumál Norðurlands eru í mesta ólestri. Fljótverkasta og ódýrasta leiðin til að ráða bót á orkuskorti á Norðurlandi vestra á næstu árum er sú, sem hér um ræðir, að virkja Fljótaá strax, en hún er fullhönnuð, og tengja Skeiðsfossvirkjun Skagafjarðarveitu, byrja á Svartárvirkjun, en vinna samhliða að undirbúningi stærri virkjunar eða virkjana.